

## REGLUGERÐ

### um greiðslur úr fódursjóði til loðýraræktar og fiskeldis.

#### 1. gr.

Innflytjendur fódurs sem notað er til loðýraræktar og fiskeldis eiga rétt á að fá greitt fé úr fódursjóði sem nemur jafnvirði þeirra fódurtolla sem innheimtir eru samkvæmt lögum nr. 87/1995 um breytingu á tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum.

#### 2. gr.

Umsókn um greiðslu úr fódursjóði skal studd eftirfarandi gögnum:

- a. staðfestu ljósriti af aðflutningsskýrslu.
- b. staðfestingu aðfangaeftirlitsins um að varan sé ætluð til loðýraræktar eða fiskeldis.
- c. yfirlýsingu umsækjanda eða notanda um að varan hafi farið til loðýraræktar eða fiskeldis.

#### 3. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast greiðslur úr fódursjóði til innflytjenda. Skal Framleiðsluráð meta umsóknir og afgreiða fullgildar umsóknir um greiðslu úr fódursjóði án ástæðulausrar tafar.

Hafi verið veitt heimild til útgáfu á skuldaviðurkenningu til tryggingar greiðslu fódurtolls er heimilt að skuldajafna greiðslu úr fódursjóði til lúkningar greiðslu skv. skuldaviðurkenningu.

#### 4. gr.

Reikningar fódursjóðs skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 15. gr. laga nr. 87/1995 um breytingu á lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1995.*

**Guðmundur Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Höskuldsson.*

Nr. 590

24. nóvember 1995

## AUGLÝSING

### um afnám auglýsingar um bann við innflutningi vegna Newcastle-veiki.

Felld er úr gildi auglýsing nr. 570/1995 um bann við innflutningi vegna Newcastle-veiki.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1995.*

**Guðmundur Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Höskuldsson.*